

Alþingi
Erindi nr. P 130/1511
komudagur 24.3.2004



LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 525 4600
Bréfasími: 525 4069

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

22.03.04

Meðfylgjandi eru þrjár umbeðnar umsagnir til Nefndasviðs;

- 1) Um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál á 130. löggjafarþingi 2003-2004
- 2) Um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu
- 3) Um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, 594. mál á 130. löggjafarþingi 2003-2004

Ég hef haft þann háttinn á sem endranær að leita umsagna hjá tilteknum sérfræðingum stofnunarinnar sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði og hafa sett sig rækilega inn í tiltekið mál.

Vegna mikilla anna á stofnuninni í kjölfar flutninga í nýtt húsnæði dróst að setja saman umsögnina vegna fyrsta málsins. Er beðist velvirðingar á því með von um að umsögnin komi engu að síður að gagni.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in cursive script, reading 'Sigurður S. Snorrason'.

Sigurður S. Snorrason
forstöðumaður



LÍFFRÆDISTOFNUN HÁSKÓLANS
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 525 4600
Bréfasími: 525 4069

Umsögn um Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu

Mývatn og Laxá eru með merkilegustu vatnasvæðum heims og Íslendingar hafa undirstrikað það með því að setja svæðið á skrá Ramsar sáttmálans um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi árið 1977. Verndun vatnasviðs Laxár og Mývatns og aðliggjandi svæðis var staðfest með sérstökum lögum sem nær til alls Skútustaðahrepps auk Laxár að ósi. Þessi víðtæka verndun sýnir mikla fyrirhyggju því að á svæðinu norðan Vatnajökuls eru jarðsöguminjar sem tengjast gosvirkni á einu af örfáum rekbeltum sem eru ofansjávar. Því er eðlilegt að svæðið dragi að sér vaxandi fjölda ferðamanna.

Það er því mikilvægt að fara varlega í breytingar á verndunarákvæðum á svæðinu og sömuleiðis er mikilvægt að slíkar breytingar séu byggðar á haldgóðum upplýsingum. Fyrsta stig aðgerða hlýtur að vera gerð verndaráætlunar, en sérstaklega er kveðið á um verndaráætlun í Ramsar sáttmálanum. Verndaráætlun fyrir allt núverandi verndarsvæði er einnig mikilvæg vegna hugmynda um Eldfjallapjódgarð, hugmynda um verndun vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum og vegna fjölda náttúruminja sem njóta nú verndar en myndu falla utan þess verndarsvæðis sem lagt er til.

Eðlilegt er að verndaráætlun sé unnin og lögð fram áður en nógildandi lög eru felld úr gildi og verndarákvæðum aflétt af stórum svæðum norðan Vatnajökuls og verndarsvæðið rýrt stórlega. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vinnu við verndaráætlun verði lokið á árinu 2005.

Af frumvarpi og greinargerð er ekki ljóst hvort allt Ramsar svæðið er innan fyrirhugaðs verndarsvæðis. Ef eitthvað skortir þar á er eðlilegt að stækka verndarsvæðið sem því nemur. Jafnframt er tilhlýðilegt að leita álits Ramsar skrifstofunnar á þeim breytingum sem boðaðar eru í frumvarpinu.

Full ástæða virðist vera til að kveða fastar að orði í upphafi 4. gr. frumvarpsins, til samræmis við upphaf 3. gr.: “Óheimilt er...” enda lítil fæling og örðugt að beita refsiakvæðum ef byggja þarf á óskýru orðalagi (“Forðast skal...”).

Eðlilegt virðist að breyta 11. gr. í þá veru að lögin öðlist gildi 1. janúar 2006 enda hafi gerð verndaráætlunar þá verið lokið svo og gerð friðlýsinga í samræmi við verndaráætlun. Jafnframt má þá fella niður öll bráðabirgðaákvæði.

Margt er til bóta í lagafrumvarpinu, m.a. ýtarlegur texti, breytingar á stjórnun Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og tilkoma fagráðs. Ekki virðist þó tímabært að taka frumvarpið til afgreiðslu fyrr en sér fyrir endann á nauðsynlegri undirbúningsvinnu. Margt getur breyst og skýrst á þeim tíma og má því búast við haldbetri lagasetningu en ella.

22. mars 2004

Ólafur S. Andrésson, prófessor